

21. febrúar 2014

## Sáttatillaga ríkissáttasemjara

### Til eftirtalinna sammingsaðila:

Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjasýslum og Samtaka atvinnulífsins.

Sáttatillaga ríkissáttasemjara er að gerður verði eftirfarandi viðauki við kjarasamning milli Þingiðnar og SA sem undirritaður var 21. desember 2013 en hafnað í atkvæðagreiðslu:

### Viðauki

#### við kjarasamning Þingiðnar og Samtaka atvinnulífsins frá 21. desember 2013

#### 1. gr.

##### Inngangur

Kjarasamningur aðila frá 21. desember 2013 tekur gildi 1. febrúar 2014 með þeim breytingum sem kveður á um í 2. og 3. gr. hér að neðan.

#### 2. gr.

##### Kaupliðir

Launabreytingar sem kveðið er á um í kjarasamningi frá 21. desember gilda frá og með 1. febrúar 2014.

##### Eingreiðsla

Í stað launabreytingar frá 1. janúar 2014 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 14.600 m.v. fullt starf, enda hafi starfsmaður starfað í janúar og var enn í starfi 1. febrúar 2014.

##### Desember- og orlofsuppbót

Desember- og orlofsuppbætur hækka samtals um kr. 32.300 frá síðast gildandi kjarasamningi.

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 39.500.

#### 3. gr.

##### Gildistími

Kjarasamningurinn gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

#### 4. gr.

##### Atkvæðagreiðsla

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skal tilkynna viðsemjanda og ríkissáttasemjara fyrir kl. 12.00 7. mars 2014.

Reykjavík, 21. febrúar 2014

F.h. Þingiðnar



F.h. Samtaka atvinnulífsins

